

# Skógræktarfélag Grímsnesinga

## REKSTRARREIKNINGUR

fyrir árið 2023

### TEKJUR:

Kr.

Vaxtatekjur.....	76.922
Félagsgjöld (engin félagsgjöld voru innheimt á árinu) .....	0
Styrkur frá Grímsnes-og Grafningshreppi.....	0
<b>Samtals:</b> .....	<u>76.922</u>

### GJÖLD:

Fjármagnstekjuskattur.....	16.923
Innheimtu- og þjónustugjöld.....	1.200
Aðkeyptar trjáplöntur frá Kjarri ehf.....	192.330
Aðkeyptar trjáplöntur frá Sólheimasetri ses.....	61.250
<b>Samtals:</b> .....	<u>272.903</u>

Tekjur umfram gjöld: ..... -195.981

Eign í banka: ..... 1.340.864

Borg 09.04.2024  
Staður-og dagsetning

Siðriður Þrónsdóttir  
formaður

Bragi Svavarsen  
gjaldkeri

Jakub Árnason  
ritari

Reikningar hafa verið yfirfarnir og samþykktir af kjörnum endurskoðendum félagsins:

Þorvaldur Kjartansson  
Þorvaldur Kjartansson

Erna Jónsdóttir  
Erna Jónsdóttir

# *Skógræktarfélag Grímsnesinga*

## *Ársskýrsla 2023*

*Starf félagsmanna Skógræktarfélagsins er nokkuð hefðbundið, aðalfundur ásisns 2023 var haldin í félagsheimilinu þ.12. apríl. Nýr ritari var kosinn Jakob Guðnason sem tók við af Jónu Björgu Jónsdóttur og þökkum við henni góð störf í stjórninni.*

*Yndisskógurinn er okkur hugleikinn og útplöntun hefur gengið vel, þar voru settar niður þær pöntur sem félagsmenn óskuðu ekki eftir að nýta sjálfir, ásamt nokkrum hundruðum furu, greni og birkitrjáa sem við fengum á Snæfoksstöðum, þá voru keyptar “stórar” Birki, Reyni og Elriplöntur hjá Helgu í Kjarri. Mikið er um að vera og allir hafa nóg að gera svo að á auglýstum útplöntunardegi voru aðeins þrjár félagar sem sáu sér fært að mæta og þá var bara að bretta upp ermar og drífa sig af stað og öllum plöntum komið niður.*

*Nemendur Kerhólsskóla fara einnig á vorin og planta út, ýmist græðlingum, bakkaplöntum eða plöntum sem hafa verið í vaxtarreit*

*Úthlutun plantna til félagsmanna var breytt fyrir nokkrum árum og félagar sækja nú sjálfir sinn hlut á ákveðinn stað og hefur það komið ágætlega út, þó eru alltaf einhverjir sem missa af. Hefur þá skapast sú hefð að gróðursetja ósóttar plöntur í Yndisskóginum.*

*Það eru spennandi tímar framundan varðandi framkvæmdir í skóginum. Fyrirhuguð er bygging grillhúss og búið að skipuleggja frishíolfvöll og grindurnar/mörkin bíða þess að vera settar niður þegar frost fer úr jörðu*

*Nestisborð eru komin á grillplanið og grillið er á leiðinni, og þá er búið að bæta við bekkjum á gönguleiðum*

*Áfram gakk og takk fyrir liðið ár*

*Sigríður Björnsdóttir*

*Formaður Skógræktarfélags Grímsnes*

# Aðalfundur skógræktarfélag Grímsnesinga

Haldin í Félagsheimilinu Borg 12. apríl 2023 kl. 20.00

Mætt: Sigríður Björnsdóttir formaður, Bragi á Ökrum gjaldkeri, Guðrún Ása á Borg, Anna Margrét á Stærri – Bæ, Nanna og Óskar í Reykjanesi, Sigurdís á Þórisstöðum, Jakob Guðnason og Jóna Björg á Borg ritari sem ritaði fundargerð.

1. Sigríður býður fundarmenn velkomna og biður fundarmenn að tilnefna fundarstjóra. Þeir tilnefndu Jónu Björgu ritara sem fundarstjóra
2. Jóna Björg ritari las upp fundargerð síðasta aðalfundar. Fundargerðin samþykkt samhljóða
3. Bragi gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins frá síðasta ári og voru þeir samþykktir samhljóða.
4. Sigríður formaður fer yfir skýrslu síðasta árs þar sem farið er yfir það sem gert var á árinu. Skýrslan:

Starfsemi Skógræktarfélagsins árið 2022 var nokkuð hefðbundin þetta ár.

Aðalfundurinn var haldin 12. 04. 2022 á Grænu könnunni á Sólheimum þar sem Bragi var endurkjörinn gjaldkeri til næstu þriggja ára.

Félagsmönnum fjölgaði og náðu yfir 35 félagsmenn.

Engar plöntur bárust félagsmönnum fyrr en í október og verður það að teljast í seinna lagi, skrifast það á eigendaskipti á gróðrarstöðvum sem framleiða plöntur fyrir skógræktina.

Nemendur Kerhólsskóla plöntuðu út 1500 birkiplöntum frá Yrkjusjóði í Yndisskóginn og félagar í Björgunarsveitinni Tintron settu niður 3500 plöntur í reitinn sinn, þessi rötarskot eru áramótasala frá Landsambandi björgunarsveita.

Vegalagning er að stærstum hluta komið þ.e. meginvegurinn þá er einnig kominn grunnurinn að grillplaninu og bílaplanið nokkuð klárt.

Skógræktarfélagið gaf Kvenfélagi Grímsnes í tilefni 100 ára afmælis þeirra plöntur sem formaður félagsins Ragna Björnsdóttir tók á móti og félagskonur gróðursettu í sinn reit, þá var einnig í tilefni 40 ára afmælis lionsklúbbsins

Skjaldbreiðar afhentar plöntur til þeirra sem Þorkell Gunnarsson og Páll Tryggvason móttóku til gróðursetningar í Yndisskógsreitnum þeirra.

Þess má líka geta að Jóna Björg og Sirrý fengu aðgang að garði annars félagsmanns og tóku upp nokkra tugi plantna sem var komið fyrir í Yndisskógi vítt og breitt.

Við erum einungis á byrjunarreit varðandi þessa framkvæmd og mannsaldur þarf til að búa til skóg en verkefnið er mjög áhugavert og skemmtilegt.

Með þökk fyrir liðið ár

Sigríður Björnsdóttir

Formaður Skógræktarfélags Grímsnes

5. Inntaka nýrra félaga.

- a. Engin gekk í félagið að þessu sinni.
6. Kosningar.
  - a. Komið var að kosningu ritara. Jóna Björg gefur ekki kost á sér aftur. Jakob Guðnason gaf kost á sér og var það samþykkt af öllum fundarmönnum.
  - b. Einnig var komið að því að kjósa skoðunarmenn reikninga Erna og Þorvaldur gefa kost á sér áfram og var það samþykkt samhljóða.
7. Kaffihlé
8. Önnur mál
  - a. Rætt um að kaupa stór tré 1-1.5 metra há fyrir ca. 5-600 þúsund núna í vor og svo annað eins í haust og planta í yndisgarðinn. Rætt var um að planta við grillsvæðið, bílastæðið og jafnvel við bekkina sem komnir eru við aðalstíginn.
  - b. Rætt var um að merkja tré með tegundarheiti og ártali gróðursetningar. Þá var verið að tala um alla vega eitt tré af hverri tegund. Það gerði það skemmtilegra og fróðlegra að ganga um garðinn.
  - c. Fundarmenn vilja skora á sveitarstjórn að koma sígum í það horf sem upphaflega var rætt um þ.e. að bæta þá, gera þá þannig úr garði að hægt verði að ganga með barnavagna og að hann verði fær hjólastólum. Einnig að koma bekkjunum sem komnir eru við meginstíginn þannig fyrir að fólk sem þarf að hvíla sig á göngunni komist að bekkjunum. Eins og staðan er núna þá eru sumir bekkirnir aðeins frá stígnum og undirlagið það óslétt (þúfur) að ekki allir geta gengið yfir það til að geta tillt sér á bekkina.
  - d. Gróðursetningardagur ákveðin laugardaginn 20. maí. Hann verður nánar auglýstur þegar nær dregur.
  - e. Jónu Björgu þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins og Sigríði formanni þakkaðar góðar veitingar á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.35